



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
Directorate of Health

FÉLAG ÍSLENSKRA  
HÚDLÆKNA

## FAGLEGAR LÁGMARKSKRÖFUR

Samkvæmt lögum um landlækni nr. 41/2007, 6. grein

### Húð- og kynsjúkdómalækningar

<b>Flokkur heilbrigðisþjónustu</b>	Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna.
<b>Tegund þjónustu</b>	<b>Húð- og kynsjúkdómalækningar.</b> Öll starfsemi sem snýr að lækningum (þar með talið lýtum) á húð manna og slímhimnum í munnholi og kynfærum.
<b>Samskipti við sjúklinga</b>	Framkoma sérfræðings og aðstoðarfólks hans skal vera fagleg. Upplýsingagjöf skal vera skýr og þannig að sjúklingur fái nægjanlega vitneskju til að velja þá meðferð er þeir kjósa. Læknar og aðstoðarfólk er bundið þagnaskyldu.
<b>Skráning</b>	Skráning skal helst vera á rafrænu formi og persónugreinanlegar upplýsingar ekki aðgengilegar öðrum en þeim sem sinna meðferð sjúklings. Atvikaskráning lýtur lögum og tilmælum landlæknis. Geymsla og eyðing gagna skal vera tryggð í samræmi við leiðbeiningar landlæknis um öryggi sjúkragagna.
<b>Símenntun</b>	Sérfræðilæknir skal viðhalda faglegri þekkingu og færni með símenntun. Hann skal kynna sér þróun fagsins í fagtímaritum, sækja fyrirlestra og ráðstefnur.
<b>Mönnun</b>	Mönnun á starfsstöð sérfræðilækna skal vera með þeim hætti að öryggi sjúklinga sé gætt.
<b>Húsnæði</b>	Húsnæði skal vera í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits.

<b>Búnaður og tækjakostur</b>	<p>Læknir skal hafa:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifborðsaðstöðu, síma og tölvubúnað og sæti fyrir a.m.k. 2 einstaklinga á stofunni.</li> <li>• Sóttthreinsunaraðstöðu fyrir áhöld og tæki og fylgja almennum reglum sem gilda um sóttthreinsun þeirra og aðstöðu til sorphirðu og förgunar sóttmengaðs úrgangs.</li> <li>• Hafa skal aðstöðu til geymslu margnota og einnota áhalda á hreinum stað.</li> <li>• Skoðunarbekk ásamt áhöldum og tæki eftir umfangi þeirra skoðana sem þar fer fram.</li> </ul> <p>Fylgja skal kröfum laga um lækningatæki og geislavarnir varðandi almenn tæki, rafmagnstæki og jónandi tæki .</p>
-------------------------------	---

<b>Gæðavísar</b>	<p>Landlæknisembættið mun vinna með fagfélögum að því að velja gæðavísa sem endurspeglar helstu áherslur í þjónustu þeirra. Dæmi um þau svið sem áhersla er lögð á: Aðgengi, upplýsingagjöf, þátttaka sjúklinga í meðferð, samfella í meðferð, læknabréf og viðhorf notenda til þjónustunnar.</p>
------------------	---

<b>Gildistími</b>	<p>Samkomulag þetta gildir frá undirskrift og verður endurskoðað eftir 5 ár en fyrir ef forsendur þess breytast skv. mati annars hvors aðilans.</p>
-------------------	---

<b>Útgefið</b>	<i>Staður</i>	Seltjarnarnesi	<i>Dags.</i> 6.10.2009
<i>Undirskrift landlæknis</i>	Matthías Halldórsson		<i>Undirskrift Félags íslenskra húðlækna</i>
			Bolli Bjarnason

*Þessar faglegu lágmarkskröfur eru gefnar út á rafrænu formi og birtar á vef Landlæknisembættisins.  
Þær eru unnar í samvinnu við Félag íslenskra húðlækna.*